

Nefndasvið Alþingis
Hildur Njarðvik, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 7. desember 2001.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. 127. löggjafarþing 2001–2002. – Þskj. 22 — 22. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Með frumvarpinu eru lögð til tvö nýmæli í 206. gr. almennra hegningarlaga í þá veru annars vegar að gera refsiverðan þátt þess, sem kaupir vændi og það, sem kallað er í frumvarpinu kynlífsþjónusta. Hins vegar að lýsa refsiverða ýmsa háttsemi er tengist starfsemi svokallaðra nektarstaða, svo og símaþjónustu og skylda starfsemi. Auk þessara nýmæla er lögð til sú breyting að láta af notkun hugtaksins “lauslæti” við skilgreiningu þeirrar háttsemi, sem lýst er refsiverð í 3., 4. og 5. mgr. 206. gr., og að taka þess í stað upp aðrar skilgreiningar svo sem “kynlífsþjónusta af einhverju tagi” og “þátttöku í klám-eða kynlífsiðnaði”. Jafnframt eru lögð til hert refsiviðurlög við þeim brotum, sem þegar er að finna í 206. gr. almennra hegningarlaga.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að hvatinn að því eru m.a. umræður, sem hafa átt sér stað um ýmsa af framangreindri starfsemi að undanfögnu hér á landi.

Í umsögn þessari verður fyrst vikið að framangreindum tveimur nýmælum, en síðan vikið að tillögu um breytta hugtakanotkun í lagagreininni.

I. 1. og 5. mgr. 206. gr. samkvæmt frumvarpinu.

Ljóst er, að a.m.k. hluti þeirrar starfsemi, sem frumvarpið kveður á um að verði lýst refsiverð í 1. og 5. mgr. 206. gr., hefur verið stunduð hér á landi um árabíl. Á það m.a. við um símatorgþjónustu og starfsemi nektarstaða. Einnig er ljóst, að sú fjölbreytta og um margt ólíka háttsemi, sem frumvarpið varðar, sætir í þjóðfélaginu mjög mismikillar fordæmingar sem óæskileg háttsemi, er verðskuldi að verði stöðvuð með refsiviðurlögum. Lengi hefur verið talið að tvær tegundir háttsemi, sem jafnan er lýst refsiverð, séu án fórnarlamba. Er þar um að ræða fjárhættuspil annars vegar og kynlífsathafnir ýmsar (vændi) hins vegar, en iðkunin ein á hvorri tveggja háttseminni er lýst refsiverð án tillits til þess, hvort yfirleitt sé einhverju fórnarlambi til að dreifa. Það er siðferðisþólitískt álitamál, hvort gera eigi þátt kaupanda vændisþjónustu refsiverðan, sbr. 1. mgr. frumvarpsins, og hvort lýsa eigi háttseminna samkvæmt 5. mgr. frumvarpsins refsiverða. Skoðanir á því kunna að hafa breyst í þjóðfélaginu, en Laganefnd tekur það

fram, að hún telur það ekki vera hlutverk sitt að taka þátt í þeirri pólitísku umræðu eða að færa fram tillögur um frumvarpið á siðferðislegum grunni. Hins vegar telur Laganefnd það falla innan hlutverks síns að benda á, að samkvæmt greinargerð með frumvarpinu virðist svo sem ekki hafi farið fram ítarleg eða vönduð undirbúningsvinna að baki þeirri tillögu að banna starfsemi nektarstaða, símatorga og tengdrar starfsemi. Í því sambandi er í greinargerðinni vísað í ýmis gögn, er sýna eigi fram á skaðsemi háttseminnar, án þess að það fáiast séð hversu áreiðanleg eða nákvæm umrædd gögn séu. Engin gögn eða skýrslur fylgja frumvarpinu sem fylgigögn. Ljóst er, að löggjöf, sem gerir tiltekna starfsemi refsiverða, verður að byggjast á óhrekjanlegum gögnum um skaðsemi starfseminnar, en svo virðist sem svo sé ekki í þessu frumvarpi.

Nánar um 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Út frá lagatæknilegu og refsiréttarlegu sjónarmiði sér Laganefnd ýmis tormecki á því, að þetta nýmæli geti orðið að lögum.

Í fyrsta lagi er brotaskilgreiningin afar óljós. Hin refsiverða háttsemi er skilgreind sem “greiðsla fyrir kynlífsþjónustu af einhverju tagi”. Engin tilraun er gerð til þess í frumvarpstextanum sjálfum eða greinargerðinni að skilgreina eða afmarka hvaða háttsemi felist í “kynlífsþjónustu” og hver ekki. Er þar átt við vændi eingöngu eða einnig þá sem greiða sig inn á svokallaða “nektarstaði” eða er ákvæðinu jafnvel ætlað að ná einnig til þeirra sem hringja í símanúmer, þar sem viðmælandinn svarar í mæltu máli kynhvöt þess, sem hringir?

Í öðru lagi skortir með öllu tilgreiningu á því hvenær brot telst fullframið, en ákvörðun fullframningarstigs brots er óhjákvæmilegt skilyrði í refsíákvæði.

Eitt megin skilyrði traustrar refsilöggjafar eru skýrar, ótvíræðar og nákvæmar refsheimildir. Umrætt ákvæði, sem lagt er til að verði 1. mgr. 206. gr. almennrar hegningarlaga, uppfyllir ekkert af þessum skilyrðum.

Nánar um 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins

Þegar þau brot eru annars vegar, þar sem háttsemi felst í broti af siðferðislegum toga, er uppi það vandamál, að hugtakanotkun og brotálýsingar eru að jafnaði mjög loðnar og óljósar, sem skýrist af því, að inntak brotanna breytist stöðugt og ræðst að miklu leyti af ríkjandi siðferðisvitund hverju sinni. Á slík ákvæði hegningarlaga telur Laganefnd ekki bætandi.

Þetta seinna nýmæli frumvarpsins er að mestu sama marki brennt og hið fyrrnefnda. Þannig er brotaskilgreiningin í ákvæðinu afar óljós. Ekki er einsýnt með skilgreiningu á hinu samsetta hugtaki “kynferðislegar nektarsýningar” og heldur ekki ljóst, hvenær aðili telst hafa nekt annarra sér að féþúfu, þegar fyrir liggur að nekt kvenna í þessari aðstöðu virðist vera eða geta verið þeim tekjulind að einhverju marki. Sé um það að ræða á umræddum samkomustöðum, að einn sé annars féþúfa, kynni að vera nær að beina athyglinni að gestum staðanna og viðskiptum þeirra við þá, sem að rekstrinum standa.

II. Breytt hugtakanotkun

Svo sem áður er getið er lagt til í frumvarpinu, að í 2., 3. og 4. mgr. 206. gr. breyttri, verði látið af notkun lauslætishugtaksins en þess í stað tekin upp ný hugtök við brotaskilgreiningu, svo sem “ástundun kynlífsþjónustu hvers konar” og “þátttöku í klám- eða kynlífsiðnaði”. Ein af grundvallarreglum refsiréttar mælir fyrir um að refsheimildir skuli vera skýrar í alla staði. Í a.m.k. 60 ár hefur í íslenskum refsirétti verið notast við hugtökin vændi og lauslæti um þá háttsemi sem fjallað er um í 206. gr. almennra hegningarlaga. Hafa þessi lagahugtök þótt koma að góðum notum og um þau hefur skapast réttarþróun, sem einsýnt er að raskaðist, ef sú breyting yrði á, sem frumvarpið mælir fyrir um. Slík breyting væri þó ekki óhugsandi, ef ný og jafngóð, ef ekki betri hugtök byðust til að lýsa hinni refsiverðu háttsemi. Því er ekki að heilsa í frumvarpinu. Að mati Laganefndar yrðu hvorki borgarar landsins, lögregluyfirvöld, ákærvald né dómstólar neinu nær um hver hin refsiverða háttsemi umræddra ákvæða sé, þótt hin nýju hugtök yrðu tekin upp. Í greinargerð með frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir því, hvaða efnisleg breyting felist í fráhrarfinu frá hugtakinu “lauslæti” eða hvaða háttsemi félli undir ákvæðin eftir breytingu, sem ekki gerir það að ákvæðunum óbreyttum. Ekki er reynt að rökstyðja, að ákvæði 3., 4. og 5. mgr. 206. gr. gildandi hegningarlaga séu ófullkomin né gerð grein fyrir þörfinni á umræddri breytingu yfir höfuð.

Með vísan til alls framangreinds leggst Laganefnd Lögmannafélags Íslands gegn samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl., formaður